

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Kópavogur, 3. júní 2022
Málsnr.: 2205125 /Málalykill 0.10.2

Efni: Frumvarp til laga um greiðslur vegna umönnunar langveikra eða fatlaðra barna – Þingskjal 833 – 591. mál

Vísað er til tölvubréfs dags. 18. maí 2022 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar (TR) um ofangreint lagafrumvarp. Með frumvarpinu eru lagðar til verulegar breytingar á núverandi fyrirkomulagi greiðslna vegna umönnunar langveikra og fatlaðra barna til einföldunar og því ber að fagna.

Núgildandi greiðslukerfi samanstendur af umönnunargreiðslum, á grundvelli 4. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007, og foreldragreiðslum, á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna nr. 22/2006. Frumvarpið sameinar þessi tvö réttindakerfi.

Haft var samráð við TR við samningu frumvarpsins en stofnunin vill þó koma á framfæri eftirtöldum atriðum.

Í 8. gr. frumvarpsins segir að TR skuli við gerð umönnunarmats og ákvörðun um heimfærslu undir umönnunarþrep byggja á fyrirliggjandi gögnum en jafnframt er tekið fram að sveitarfélag skuli leggja mat á sérstaka umönnunarþörf barns, sbr. 32. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, telji TR þörf á því. TR vill áréttta að umsögn sveitarfélags mun verða lykilgagn í mörgum málum er varða umönnunarþörf, og er það í samræmi við niðurstöðuna í skýrslu starfshópsins um umönnunargreiðslur og greiðslur til foreldra langveikra eða fatlaðra barna frá febrúar 2020, sem þetta frumvarp byggir á. TR mun þó telja sér heimilt að óska eftir gögnum frá þeim fagaðilum sem sinna barninu mest til að fá heildstæða mynd af umönnunarþörfinni, með tilvísun til ákvæða almannatryggingalaga um upplýsingaskyldu þriðju aðila, en vísað er til þeirra ákvæða í 3. mgr. 26. gr. frumvarpsins.

TR vill vekja athygli á því að af 15. gr. frumvarpsins má ráða að umönnunargreiðslur geti fallið undir milliríkjasamninga og því verði þær greiddar úr landi, séu skilyrði til þess uppfyllt. Um er að ræða breytingu frá núverandi fyrirkomulagi þar sem bæði umönnunargreiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og greiðslur samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna teljast til félagslegrar aðstoðar og eru því eingöngu greiddar þeim sem eru búsettir hér á landi. Umönnunarstyrkurinn mun hins vegar eingöngu greiðast til þeirra sem eru búsettir hér á landi, miðað við skilning TR á frumvarpinu.



Í IV. kafla er gert ráð fyrir kostnaðargreiðslum sem eru nýmæli. Ekki þykir að fullu ljóst hvaða hópur það er sem mun uppfylla skilyrði til kostnaðargreiðslna en uppfyllir ekki skilyrði þess að fá umönnunarstyrk, sbr. 4. mgr. 23. gr. frumvarpsins, en líklega má kveða skýrar á um það í reglugerð. Þá vill TR benda á að samkvæmt núverandi lagaumhverfi þá á tiltekinn hópur rétt á umönnunarmati án greiðslna, þ.e. einstaklingar sem falla undir 5. flokk samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, með síðari breytingum. Sá hópur hefur átt rétt á svokölluðu umönnunarkorti sem hefur veitt afslætti í öðrum réttindakerfum, m.a. hjá Sjúkratryggingum Íslands en mögulega er sömuleiðis hægt að bregðast við því með reglugerð, þyki ástæða til.

Í 26. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að umsókn geti verið á eyðublaði TR eða á rafrænu formi sem stofnunin telur fullnægjandi. Stofnunin leggur til að það skref verði tekið að umsóknir verði eingöngu í boði á rafrænu formi í takt við stefnu stjórnvalda um stafræna stjórnsýslu og jákvæð umhverfisleg áhrif þess.

Í 29. gr. frumvarpsins kemur fram að andist langveikt eða fatlað barn sé heimilt að greiða áfram umönnunarstyrk og umönnunargreiðslur sem umönnunaraðili hefði ella átt rétt á í allt að þrjú mánuði frá andláti barns. Óljóst er af orðalagi ákvæðisins hvort TR sé heimilt að framlengja matið um allt að þrjú mánuði eða hvort heimilt sé að greiða allt að þrjú mánuði af því mati sem enn er í gildi.

Rétt þykir að benda á að samkvæmt gildandi lögum eru umönnunargreiðslur skattfrjálsar en gert er ráð fyrir í frumvarpinu að greiðslurnar (styrkurinn) verði skattskyldar. Það getur haft áhrif á réttindi foreldra í öðrum réttinda- og greiðslukerfum. Sérstaklega er brugðist við þessu gagnvart húsnæðisbótum í 2. tl. og lífeyrisréttindum almannatrygginga í 6. tl. 34. gr. frumvarpsins. Nýjar skattskyldar greiðslur munu sem dæmi hafa áhrif á sérstaka uppbót á lífeyri skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð.

Í ákvæði til bráðabirgða kemur fram að endurskoða skuli þessi lög innan þriggja ára frá gildistöku þeirra. TR telur þetta ákvæði mikilvægt enda er um umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi greiðslna til foreldra fatlaðra og langveikra barna að ræða og hugsanlegt að leiðrétta þurfi annmarka sem koma í ljós við framkvæmd þessarar nýju laga. Skoða þarf sérstaklega áhrif laganna, verði frumvarpið að lögum, á mismunandi hópa samhliða framkvæmd og bregðast við ófyrirséðum áhrifum sem upp geta komið.

Að lokum vill TR koma því á framfæri að mikilvægt er að stofnuninni sé tryggt fjármagn í rekstur vegna innleiðingar á nýju fyrirkomulagi greiðslna vegna umönnunar langveikra eða fatlaðra barna. Stofnunin áætlar að fjárförf vegna innleiðingar á nýju fyrirkomulagi verði 30 milljónir króna á árinu 2022 en verði svo 16 milljónir króna á ári, á verðlagi ársins 2022, frá og með árinu 2023.

Virðingarfyllst,

Þórir Ólason, yfirlögfræðingur